# Tónleikar
# í
# Listasafni Sigurjóns Ólafssonar

## Hlíf Sigurjónsdóttir
fiðluleikari
og
## David Tutt
píanóleikari



Sunnudaginn 28. október 1990 kl 20:30
og
þriðjudaginn 30. október 1990 kl 20:30

**Hlíf Sigurjónsdóttir** hóf nám sitt í Barnamúsíkskólanum í Reykjavík hjá Gígju Jóhannsdóttur og lauk einleikaraprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík árið 1974 undir handleiðslu Björns Olafssonar konsertmeistara. Þaðan lá leið hennar vestur um haf og stundaði hún nám í fiðluleik í Bloomington í Indiana, Toronto og Banff í Kanada. Síðan þá hefur hún starfað víða, meðal annars í Þýskalandi og Sviss. Undanfarin ár hefur hún verið búsett í Reykjavík og tekið virkan þátt í margs konar tónlistarflutningi auk þess sem hún kennir fiðluleik við Tónskóla Sigursveins D Kristinssonar.

**David Tutt** er fæddur í Kanada, en er nú búsettur í Sviss. Hann stundaði píanónám í heimalandi sínu og í Bloomington í Indiana í Bandaríkjunum. Hann hefur hlotið fjölda verðlauna og viðurkenninga fyrir píanóleik sinn. David hefur komið víða fram sem einleikari hérlendis og beggja vegna Atlandshafsins, meðal annars með sinfóníuhljómsveit ungverska útvarpsins í Búdapest og sinfóníuhljómsveitum Calgary, Edmonton, Toronto.

Samleikur Hlífar og Davids er íslenskum tónleikagestum að góðu kunnur því þau hafa oft leikið saman hérlendis áður, í Reykjavík, Ísafirði og víðar.

*Efnisskrá*

| | |
|---|---|
| Jónas Tómasson<br>(f.1946) | Notturno V<br>Verkið er samið 1990 fyrir Hlíf og David<br>Frumflutningur í Reykjavík |
| Jón Nordal<br>(f.1926) | Sónata fyrir fiðlu og píanó<br>Allegro moderato<br>Adagio<br>Allegretto |
| Claude Debussy<br>(1862-1918) | Sónata fyrir fiðlu og píanó<br>Allegro vivo<br>Intermède, Fantasque et léger<br>Finale, Très animé |
| César Franck<br>(1822-1890) | Sónata fyrir fiðlu og píanó í A-dúr<br>Allegretto ben moderato<br>Allegro<br>Recitativo - Fantasia<br>Allegretto poco mosso |